

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAÐSETNING
Reykjavík 20. nóvember 2003

TILVÍSUN
2003100594
G-ums 07/03

Umsögn um 6. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Í bréfi dagsettu 29. október 2003 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 6. mál. Fer hún hér á eftir.

Í frumvarpinu er lagt til að lægra þrep virðisaukaskatts, sem nú er 14%, verði lækkað í 7%. Hlutfall þetta tekur til matvöru eins og fram kemur í greinagerð með frumvarpinu en einnig til nokkurra annarra vörflokka, svo og þjónustu, sem ekki er getið um í greinargerðinni. Undir skattþrepið fellur útleiga á hótél- og gistihbergjum og önnur gistipjónusta, afnotagjöld útvarpsstöðva, sala tímarita, blaða, þ.m.t. landsmála- og héraðsfréttablaða, sala bóka jafnt frumsaminna sem þýðdra, sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns og aðgangur að vegamannvirkum. Gildissvið frumvarpsins er þannig allmikið víðara en fram kemur í greinargerðinni og áhrif þess á tekjur ríkissjóðs því væntanlega önnur og meiri en þar kemur fram.

Lækkun skatthlutfalls eins og lögð er til í frumvarpi þessu er að sjálfsögðu fyrst og fremst pólitísk ákvörðun, en snertir skattfrákvæmd engu að síður verulega. Ríkisskattstjóri leyfir sér því að benda á eftirfarandi atriði til athugunar.

Mishá skatthlutföll veltuskatta eru ætíð til þess fallin að gera skattfrákvæmd flóknari og ómarkvissari en ella væri. Þótt ekki sé lögð til fjölgun skattþrepa má engu síður gera ráð fyrir að áhrif breytingar skatthlutfallsins á skattfrákvæmd yrðu nokkur. Mismundandi skatthlutföll skapa hættu á að seljendur felli vörur sínar undir rangt skatthlutfall, af vangá eða af ráðnum hug. Því meiri sem munur skatthlutfalla er, þeim mun alvarlegri verða afleiðingar rangrar flokkunar og jafnframt skapast ríkari tilhneiging og hvati til vísvitandi rangrar flokkunar. Það má því gera ráð fyrir að það að auka mismun á almenna skatthlutfallinu og sérstaka skatthlutfallinu úr rúmlega 10% í rúmlega 17% muni auka verulega tilraunir til að skrá sölu á vörum og þjónustu með öðrum hætti en vera ber. Tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum kynni að vera talsvert til viðbótar því tekjutapi sem með eðlilegum hætti leiddi af lækkun skatthlutfallsins.


Eftirlit með skattsvikum af þessum toga er mjög erfitt og mannfrekt m.a. með tilliti til þess að vörusala er í vaxandi mæli blönduð vörum í lægra og hærra þrepinu svo sem í stórmörkuðunum en einnig á öðrum vettvangi svo sem bensínstöðvum og sjoppum.


Annað atriði sem huga þarf að við lækkun skatthlutfallsins er að í vissum tilvikum getur lágt skatthlutfall samhliða kaupum á aðföngum í almenna skatthlutfallinu leitt til endurgreiðslukröfu í stað skattgreiðslu. Þekkt er að möguleiki á endurgreiðslu á sköttum felur í sér hvata til skattsvika með ýmsum hætti.

Með hliðsjón af þeim ókostum sem því fylgja að auka mjög mikið bilið á milli skattþrepa í virðisaukaskattkerfinu er rétt að benda á, að hvorki liggur fyrir athugun á því og rökstuðningur þess að þeim markmiðum sem frumvarpið stefnir að verði náð með þessum hætti, né að ekki megi ná þeim markmiðum með öðrum hætti, jafnvel með því að lækka almenna skatthlutfallið með sömu áhrifum á tekjur ríkissjóðs. Óvíst er með öllu og reyndar talið fremur ólíklegt að lækkun skatts á hluta af vörum skili sér að fullu í verðlagningu á þeim. Þá er og mikilli óvissu háð að til staðar sé það neyslu- og útgjaldamynstur eftir tekjum og fjölskyldugerð sem lagt er til grundvallar ályktunum greinargerðarinnar um áhrif breytingarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að breytingin öðlist þegar gildi. Ríkisskattstjóri sér ástæðu til að benda á að það getur valdið bæði seljendum varnings og þjónustu, sem breytingunni er ætlað að taka til, og skattyfirvöldum vandkvæðum taki umrædd breyting gildi innan almenns uppgjörstímabils virðisaukaskatts. Æskilegra er að breytingar af þessum toga taki gildi á tímamörkum almennra uppgjörstímabila skattsins, þ.e. 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september eða 1. desember.

Virðingarfyllt


Indriði H. Þorláksson,
ríkisskattstjóri


Sigurjón Högnason